
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (Svar på replik)

Almennt mælum við að sjálfsögðu með því að aðrar þjóðir fylgi fordæmi Íslendinga, meðal annars í utanríkismálum, en í þessu tilviki er þetta kannski fyrst og fremst spurning, og ég geri ráð fyrir að umræðan muni snúast um það, hvort þetta sé rétti vettvangurinn til þess að taka ákvarðanir í utanríkismálum. Fremur en að umræðan snúist um innihaldið getur hún því líklega að miklu leyti snúist um það hvort vettvangurinn sé réttur.

Hvað varðar innihaldið vil ég þó segja það að að sjálfsögðu getum við ekki annað en virt rétt hvers ríkis fyrir sig til þess að taka sína afstöðu en þó er ekki mikill munur, sýnist mér, á grundvallarafstöðu Norðurlandanna til deilunnar fyrir botni Miðjarðarhafs.

Almennt hafa Norðurlöndin beitt sér á mjög svipaðan hátt, beitt sér í þágu friðar, í þágu tveggja ríkja lausnar, en hvort stjórnvöld í hverju landi meta það sem svo að það sé í þágu þessa ferlis að lýsa því yfir að Palestína teljist sjálfstætt ríki verða stjórnvöld á hverjum stað að meta en þó tek ég fram að mér finnst eðlilegt að ræða þetta hér. Spurningin er hvort menn leiði þetta til lykta á þessum vettvangi og það er kannski ólíklegra að sú verði raunin.

Skandinavisk oversettelse

Generelt anbefaler vi selvfølgelig at andre nationer følger Islands eksempel, blandt andet udenrigspolitisk, men måske er det først og fremmest om ét spørgsmål, og jeg går ud fra at diskussionen drejer sig om hvorvidt dette er

det rigtige forum til at træffe udenrigspolitiske beslutninger. Snarere end at diskussionen drejer sig om indholdet, så drejer den sig formentlig hovedsageligt om, hvorvidt forummet er det rigtige.

Hvad indholdet angår, så vil jeg gerne nævne at vi selvfølgelig ikke kan andet end at respektere enhver stats ret til at forholde sig, og alligevel er der, så vidt jeg kan se, ikke nogen stor forskel på de nordiske landes grundlæggende holdninger til den mellemøstlige konflikt.

Generelt har de nordiske lande ageret på en lignende måde, arbejdet i fredens tjeneste, for en tostatsløsning, men hvorvidt de enkelte landes regeringer anser at det tjener processen at anerkende Palæstina som en selvstændig stat, det må de enkelte landes regeringer selv vurdere, men jeg understreger dog at jeg finder det naturligt at diskutere sagen her. Spørgsmålet er om man afgør sagen i dette forum, og det er nok usandsynligt at det bliver tilfældet.

Information

Tal nummer

5

Typ

Svar på replik

Person

[Sigmundur Davíð Gunnlaugsson](#)

Speaker role

Islands statsminister

Datum

28.10.14 16:59